



### Bókun

Málsnr.: 23-045-S-025 Huginn VE 55 – Sæfinnur BA 245 Sjóatvik

Dags: 15.júní.2023

Staður: Vestfirðir

Lýsing: Sjóatvik

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

---

### Samantekt:

Þann 15. júní 2023 um kl. 16 var Sæfinnur BA 245 á siglingu út af Blakksnesi á austlægri stefnu á leið til Patreksfjarðar. Huginn VE var á suðlægri stefnu, á leið til Vestmannaeyja og hafði Sæfinn á stjórnborða. Skipstjóri Sæfins taldi sig þurfa að draga verulega úr ferð til að forða árekstri. Veður áttleysta 2 m/s bjartviðri.

### Helstu staðreyndir:

*Skipaskr.nr:*2411

*Útgerð:* Huginn ehf.

*Smíðaður:* Asmar Shipyard 2001, stál

*Stærð:* 2.724 BT

*Mesta lengd:* 75,21 m     *Skráð lengd:* 68,09 m

*Breidd:* 14,0 m     *Dýpt:* 9,63 m

*Vél:* M.A.K 4320 kW, 1999

*Fjöldi skipverja:* 4



*Skipaskr.nr.* 7173

*Útgerð:* AK47 útgerð ehf.

*Smíðaður:* Navimor SP Z.O.O 1989

*Stærð:* 6,9 BT

*Mesta lengd:* 9,93 m     *Skráð lengd:* 8,9 m

*Breidd:* 2,8 m     *Dýpt:* 1,36 m

*Vél:* Perkins 156 kW, 1998

*Fjöldi skipverja:* 1




### Gögn:

*Gögn RNSA*

*Gögn LHG*

### Atvikalýsing:

- Þennan dag var talsvert af smábátum úti fyrir Vestfjörðum. Á tímabilinu 12:45-12:55 mætti Huginn, sem var á suðlægri stefnu, þremur bátum. Voru þeir allir á austlægri stefnu og áttu því forgang samkvæmt siglingareglum (sjá mynd 1).
- Tveir bátanna sigldu aftur fyrir Huginn rétt eins og Sæfinnur sem hafði Hugin á bakborða.
- Huginn sigldi á 15,7 sml. ferð en Sæfinnur á 10-11 sml. ferð.
- Sæfinnur lenti í skrúfuvatni Hugins og varð að minnka ferð til að halda stjórn en að sögn skipstjóra Sæfins voru þá 20 metrar milli þeirra.



Mynd-1 Umferð skipa út af Blakksnesi 15. júní 2023

- Samkvæmt frásögn skipstjóra Hugins gat verið erfitt að átta sig á stefnu smábátanna þar sem þeir voru kvikir á sjó.
- Hann reiknaði með að Sæfinnur færi fyrir aftan sig.
- Kl. 12:38 var Sæfinnur með stefnuna 76°rv og miðað við þær forsendur hefði hann farið fyrir aftan Huginn.
- Kl. 12:40 beygði Sæfinnur í stjórnborða 10-15° en þá voru 6-7 mínútur í að skipin mættust.
- Engin samskipti voru milli skipanna áður en þau mættust.

### Mikilvæg ábending:

RNSA hvetur skipstjórnarmenn til að eiga góð samskipti sín á milli og hafa samband á rás 16 eða vinnurásum til þess að vera fullvissir að skip sem mætast skilji fyrirætlanir hvors annars.

*Guðmundur Freyr Úlfarsson, Geirbrúður Alfreðsdóttir, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson.*